

5. ágúst 2009

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 24. mars 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sparisjóður Mýrasýslu með sér sátt vegna brots Sparisjóðs Mýrasýslu á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Sparisjóður Mýrasýslu, sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl., með að hafa ekki skilað lista yfir tímabundna innherja til Fjármálaeftirlitsins sumarið 2008, þó að aðilar sem ekki voru á lista yfir fruminnherja hafi á þeim tíma haft aðgang að innherjaupplýsingum.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefenda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.000.000,-.